

10. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði þriðjudaginn 18. ágúst 2015 kl. 16:00

Mætt voru Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurgeirdsdóttir, Dagrún Þórisdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð nefndarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Bakkafjarðar:

- a. Starfsmannamál Grunnskóla og leikskóladeildar.
Einn umsækjandi sótti um starf leikskólaliða við deildina, Aðalbjörg María Marinósdóttir. Fræðslunefnd mælir með ráðningu hennar.
Aðrir starfsmenn við skólann verða þeir sömu og síðastliðinn vetur. Fræðslunefnd mælir með ráðningu eftirtalinna leiðbeinenda; Bylgju Dögg Sigurgeirdsdóttur og Klöru Valgerði Sigurðardóttur. Samþykkt samhljóða.
- b. Samstarf milli skóla sveitarfélagsins.
8.-10. bekkur mun fara einn dag í viku (þriðjudaga) til Þórshafnar og vera í tímum með jafnöldrum sínum þar. Yngri bekkir fara líka þá daga í íþróttir og sund.
- c. Uppeldi til ábyrgðar. Mikilvægt að endurvekja hugmyndafræðina í takt við Skólastefnu Langanesbyggðar.
- d. Fjöldi nemenda.
Nemendur næsta vetur verða 15 í grunnskólanum og 3 í leikskólanum.
- e. Samstarf við UMFL varðandi íþróttaiðkun eftir skóla.
Rætt um möguleikann á því að nýta ferðir skólabílls að einhverju leyti.
- f. Bekkjarnámsskrár.
Væntanlegar á næstu dögum.
- g. Skóladagatal 2015 -2016.
Lagt fyrir nefndina og borið upp til samþykktar með fyrirvara um að starfsdaga vanti inn. Samþykkt samhljóða.
- h. Tónmennta- og danskennsla.
Rætt um mikilvægi þess að uppfylla ákvæði Aðalnámsskrár hvað þetta varðar.
- i. Spjaldtölvur.
Skólinn fékk þrjár spjaldtölvur að gjöf frá Skeljungi. Verið að finna styrktaraðila að tveimur til viðbótar svo unglíngastigið geti notað þær til náms.

2. Önnur mál:

Góðar umræður um hitt og þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50